



Alþingi
Erindi nr. P 131/1183
komudagur 6.4.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðherra
hr. Árni Magnússon
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. apríl 2005

0409002SA PS/sp
Tilv.: 008

Efni: Skattlagning hitaveitna og vatnsveitna

Á Alþingi eru nú til meðferðar annarsvegar frumvarp til laga um skattlagningu orkufyrirtækja, 364. mál, og hinsvegar frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur látið hlutaðeigandi þingnefnum í té meðfylgjandi umsagnir um framangreind þingmál dagsettar 17. febrúar 2005 og 7. mars 2005.

Á sameiginlegum fundi efnahags- og viðskiptanefndar og iðnaðarnefndar Alþingis í dag fylgdu undirritaður og Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins, eftir þeim efnislegu athugasemdum sem fram koma í umsögnum sambandsins við umrædd frumvörp.

Að óbreyttu mun samþykkt frumvarpanna leiða til þess að allar hitaveitur í landinu verða skattskyldar svo og einnig þær vatnsveitur sem reknar eru á vegum fyrirtækja er sameiginlega annast rekstur rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, þ.e. Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka, svo dæmi séu nefnd. Ólíkt rekstrarform vatnsveitna mun því leiða til þess að þær verða skattlagðar með misjöfnum hætti.

Í framangreindum umsögnum kemur fram að sambandið leggst alfarið gegn því að hitaveitur og vatnsveitur verði skattlagðar með sama hætti og raforkufyrirtæki, enda styðst sú nýja skattlagning ekki við nein efnisleg rök og mun leiða til hækkunar á gjaldskráum umræddra fyrirtækja eða til lækkunar á þeim arði sem sveitarfélögin hafa haft af þessari starfsemi sinni.

Í umsögnum sambandsins eru lagðar til breytingar á tilteknum greinum frumvarpanna sem leiða til þess að hitaveitur og vatnaveitur verða áfram með óbreyttum hætti undanþegnar skattgreiðslum til ríkisins en óljóst er hvort Alþingi hyggst taka tillit til þeirra athugasemda.

Að mati sambandsins fela umrædd frumvörp í sér meiriháttar breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga verði þau lögfest óbreytt. Með vísan til 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga óskar sambandið því eftir formlegum viðræðum við fulltrúa ríkisins um efni frumvarpanna áður en þau verða afgreidd á Alþingi.



Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Pórður Skúlason

Pórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsógn um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, 364. mál
Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði,
396. mál

Afrit: Fjármálaráðherra,
iðnaðarráðherra,
iðnaðarnefnd Alþingis,
efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.